



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. febrúar 2007

**Efni: Umsögn um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004
(Þskj. 429- 387. mál)**

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Markmið breytinga á lögum um váttryggingarsamninga er að skýra nánar núgildandi lög hvað varðar heimildir váttryggingafélaga til að fá upplýsingar um heilsufar náinna skyldmenna váttryggingataka og að eyða óvissu um að hvaða marki váttryggingafélög geta nýtt sér upplýsingar úr erfðarannsóknnum við áhættumat sitt.

Samtökin telja að frumvarp þetta nái ofangreindu markmiði og eru því lögleiðingu þess meðmælt.

Hefur váttryggingafélögum verið heimilt vinna áhættumat við sjúkdómatryggingar með því að fá upplýsingar frá váttryggingataka um heilsufar náinna skyldmenna hans. Með frumvarpinu er þetta útskýrt nánar og afmarkað þrengra en áður, á þann hátt að félagið getur óskað eftir upplýsingum um sjúkdóma foreldra váttryggðs, barna og systkina sem honum er kunnugt um. Með þessu er ákveðinni óvissu eytt um hvar mörkin liggja þegar kemur að heilsufarsupplýsingum skyldmenna váttryggðs. Frumvarpið afmarkar einnig nánar með hvaða hætti váttryggingafélög geta nýtt sér erfðarannsóknir við áhættumat sitt. Þannig er váttryggingafélagi heimilt að óska eftir og nýta upplýsingar um erfðarannsóknir sem staðfesta sjúkdómsgreiningu og sem váttryggingataki veit af og ber að skýra frá á umsókn sinni um váttryggingu. Hins vegar er váttryggingafélögum óheimilt að fá og hagnýta upplýsingar sem eingöngu sýna að áhætta sé að váttryggingataki muni síðar þróa með sér tiltekinn sjúkdóm. Samtökin telja að með þessu sé ekki gengið lengra hvað varðar upplýsingagjöf vegna váttryggingatöku um erfðafræðilega sjúkdóma en aðra sjúkdóma sem staðfestir hafa verið með læknisfræðilegum rannsóknnum. Er því verið að lögfesta eðlilegar kröfur um upplýsingagjöf váttryggingataka.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins


Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.